

16

20. febr.

2. gr. laga nr. 22/1952 orðist svo:

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs eða ábyrgjast lán, sem rafmagnsveitur ríkisins taka, að upphæð allt að 130 millj. kr., til greiðslu kostnaðar þeirra mannvirkja, sem um getur í 1. gr. laga nr. 22/1952, með síðari breytingum. Af þeirri upphæð má taka nokkurn hluta eða hana alla sem lán úr raforkusjóði, samkvæmt 1. lið 35. gr. raforkulaganna.

8. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 2. gr. laga nr. 55/1954.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

10. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra ásamt meginmáli laga nr. 55/1954 inn í lög nr. 22/1952 og gefa þau út svo breytt.

Gjört í Reykjavík, 20. febrúar 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

17

21. febr.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 71 24. apríl 1954, um happdrætti dvalarheimilis aldaðra sjómanna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Heimilt skal dvalarheimili aldaðra sjómanna að stofna happdrætti um bifreiðar, bifhjól, báta, búnaðarvélar, íbúðarhús og einstakar íbúðir, húsbúnað, hljóðfæri, búpening, flugvélar og farmiða til ferðalaga.

Verð happdrættismiða skal ákveðið af ráðherra, að fengnum tillögum frá stjórn dvalarheimilis aldaðra sjómanna.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 95 30. nóvember 1954, um breyting á lögum nr. 71 24. apríl 1954.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 21. febrúar 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.